

Þróunarsjóður innflytjendamála 2012

Heiti verkefnis: Matstæki til að meta íslenskukunnáttu nemenda í grunnskólum sem hafa íslensku sem annað tungumál – Milli mála

Nafn styrkþega: Skóla-og frístundasvið Reykjavíkurborgar áður Menntasvið Reykjavíkurborgar

Útdráttur:

Árið 2010 óskaði Menntasvið Reykjavíkurborgar nú skóla-og frístundasvið Reykjavíkurborgar eftir samstarfi við dr. Elínu Þöll Þórðardóttur um hönnun matstækis til að meta íslenskukunnáttu nemenda sem eru að læra íslensku sem annað tungumál. Elín Þöll á að baki virtan rannsóknarferil á máltöku annars tungumáls og á íslenskri máltöku og býr því yfir yfirgripsmikilli þekkingu og gögnum á þessu sviði. Staðlað próf eða tæki til að meta íslenskukunnáttu þeirra sem eru að læra íslensku sem annað tungumál var ekki til og ekki talið marktækt að þýða slík tæki úr öðrum tungumálum. Markmiðið með slíku matstæki var að bæta einstaklingsmiðað nám í ískenslukennslu sem örðu tungumáli og styðjast við niðurstöður þess við úthlutun til skólanna vegna fjölmenningslegs skólastarfs.

Í áslök 2010 var gerður skriflegur samningur milli Elínar Þallar Þórðardóttur og Menntasviðs Reykjavíkurborgar um þróun slíks tækis, það verður í eigu Elínar Þallar en Menntasvið/skóla-og frístundasvið hefur afnotarétt af því til ársins 2020 án endurgjalds. Verkefni Elínar Þallar fólust í gerð matstækisins sem byggt er á orðum og hugtökum úr námsefni sem notað er í grunnskólum. Hlutverk skóla- og frístundasviðs var að annast forprófun tækisins með nemendum í grunnskólum borgarinnar. Þróun matstækisins er lokið og var kynnt í mars 2013 Það hefur hlotið heitið MILLI MÁLA og er þegar farið að nota það í grunnskólum borgarinnar.

Verið er að endurskoða viðmið um úthlutun fjármagns vegna íslenskukennslu nemenda sem eru að læra íslensku sem annað tungumál og stefnt að því að á næsta skólaári muni niðurstöður úr prófinu Milli mála skera úr um það hvaða úthlutun skólinn fær til íslenskukennslu viðkomandi nemanda.